

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-179. fundur
haldinn að Laugarvatni, miðvikudaginn 15. febrúar 2023
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi og Lilja Ómarsdóttir aðstoðarmaður byggingarfulltrúa og um fjarfundarbúnað Halldór Ásgeirsson áheyrnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi

Dagskrá:

Grímsnes- og Grafningshreppur - Almenn mál

1. Kiðjaberg 19 Hlíð (L229556); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður með áfastri geymslu og sauna - 2210084

Erindi sett að nýju fyrir fund, lagfærð gögn hafa borist frá hönnuði. Fyrir liggur umsókn Brynjars Daníelssonar fyrir hönd Heimdallar ehf., móttokin 27.10.2022 um byggingarheimild fyrir (220,5 m²) sumarbústað með áfastri geymslu og sauna á sumarbústaðalandinu Kiðjaberg lóð 19 (L229556) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Umsókn er synjað þar sem gögn samræmast ekki deiliskipulagi svæðisins.

2. Hallkelshólar lóð 77 (L202613); byggingarheimild; gestahús - 2301013

Fyrir liggur umsókn Þorgeirs Jónssonar fyrir hönd Birnu E. Guðmundsdóttur, móttokin 04.01.2022 um byggingarheimild fyrir 24,3 m² gestahús á sumarbústaðalandinu Hallkelshólar lóð 77 (L202613) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Afgreiðslu máls er frestað. Athugasemdir hafa verið sendar á hönnuð.

3. Sogsbakki 17 (L203200); byggingarheimild; sumarbústaður - viðbygging - 2301057

Fyrir liggur umsókn Inga G. Þórðarsonar fyrir hönd Þorsteins Stígssonar og Þóru Hauksdóttur, móttokin 17.01.2023 um byggingarheimild fyrir (14,8 m²) viðbyggingu við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Sogsbakki 17 (L203200) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústaði eftir stækkun verður (130,8 m²)

Umsókn er synjað þar sem viðbygging fer út fyrir byggingarreit lóðar.

4. Öndverðarnes 2 lóð (L170108); byggingarheimild; gestahús - 2302008

Fyrir liggur umsókn Alberts G. Sigurðssonar fyrir hönd Aske.ehf., móttokin 01.02.2023 um byggingarheimild fyrir 63,8 m² gestahús á sumarbústaðalandinu Öndverðarnes 2 lóð (L170108) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

5. Álfabyggð 41 (L234157); byggingarheimild; sumarbústaður með sambyggðri bílgeymslu - 2302010

Fyrir liggur umsókn Eyjólfssonar fyrir hönd Jóns V. Viðarssonar, móttækin 06.02.2023 um byggingarheimild fyrir 170,6 m² sumarbústað með sambyggðri bílgeymslu á sumarbústaðalandinu Álfabyggð 41 (L234157) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.

Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.

Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

6. Starmýri 1 (L200825); byggingarheimild; sumarbústaður - 2302017

Fyrir liggur umsókn Runólfs Þ. Sigurðssonar fyrir hönd Elíasar Ó. Illugasonar með umboð landeiganda, móttækin 25.01.2023 um byggingarheimild fyrir 97,9 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Starmýri 1 (L200825) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.

Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.

Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Almenn mál

7. Vesturkot (L166500); umsókn um byggingarheimild; íbúðarhús - viðbygging - 2212021

Erindi sett að nýju fyrir fund, grenndarkynningu er lokið. Fyrir liggur umsókn Bents L. Fróðasonar fyrir hönd Vesturkot ehf., móttækin 05.12.2022 um byggingarheimild fyrir 39 m² viðbyggingu við íbúðarhús á Vesturkoti (L166500) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Heildarstærð á íbúðarhúsi eftir stækkun verður 213,4 m².

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.

Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.

Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

8. Árhraunsvegur 17 (L210285); byggingarleyfi; sumarbústaður - breyting á notkun í íbúðarhús - 2212055

Fyrir liggur umsókn Birgis Þórðarsonar, móttekin 05.01.2022 um byggingarleyfi til að breyta 112,1 m² sumarbústaði, mhl 01, byggingarár 2020 í íbúðarhús á sumarbústaðalandinu Árhraunsvegur 17 (L210285) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Afgreiðslu máls er frestað.

9. Ásólfstaðir 1A (L166536); umsókn um byggingarheimild; gistihús - 2212088

Erindi sett að nýju fyrir fund, grenndarkynningu er lokið. Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Jóhannesar H. Sigurðssonar og Marie L. F. Schougaard, móttekin 19.12.2022 um byggingarheimild fyrir 40 m² gistihúsi mhl 16 á jörðinni Ásólfstaðir 1 (L166536) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

*Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.
Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:*

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

10. Áshildarvegur 7 (L230355); byggingarheimild; gestahús - 2302006

Fyrir liggur umsókn Guðjóns Þ. Sigfússonar fyrir hönd Skúla Baldurssonar og Gunnar G. Magnúsdóttur, móttekin 02.02.2023 um byggingarheimild fyrir 57,6 m² gestahús á íbúðarhúsaloðinni á Áshildarvegi 7 (L230355) í Skeiða - og Gnúpverjahreppi.

*Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.
Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:*

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

Bláskógabyggð - Almenn mál

11. Rjúpnavegur 6 (L167284); byggingarheimild; sumarbústaður-viðbygging - 2301003

Fyrir liggur umsókn Óla J. Sigurðssonar fyrir hönd Magnúsar Torfasonar, móttekin 22.12.2022 um byggingarheimild fyrir 19,8 m² viðbyggingu við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Rjúpnavegur 6 (L167284) í Bláskógabyggð. Heildarstærð á sumarbústaði eftir stækkun verður 69 m².

*Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.
Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð*

gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

12. Bringur 1 (L167241); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður - 2208078

Erindi sett að nýju fyrir fund, móttekin ný aðalteikning frá hönnuði. Fyrir liggur umsókn Guðjóns Þ. Sigfússonar fyrir hönd Ásu L. Pálsdóttur með umboð landeiganda um byggingarheimild fyrir 121,8 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Bringur 1 (L167241) í Bláskógabyggð.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð. Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt. Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.
- Skila skal inn áætlun um verkframvindu.

13. Krossholt 1 (L167717); byggingarheimild; sumarbústaður - 2302011

Fyrir liggur umsókn Svans Þ. Brandssonar fyrir hönd Kjartans Þorkelssonar, móttekin 07.02.2023 um byggingarheimild fyrir 74,5 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Krossholt 1 (L167717) í Bláskógabyggð.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð. Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt. Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

14. Skógarberg lóð 1 (L201529); byggingarleyfi; véla-og verkfærageymsla - breyting á notkun að hluta í íbúðarhúsnæði - 2302018

Fyrir liggur umsókn Guðjóns Þ. Sigfússonar fyrir hönd Tréhaus ehf., móttekin 10.02.2023 um byggingarleyfi að breyta afmörkuðum hluta véla- og verkfærageymslu í íbúðarhúsnæði á bílskúrsslóðinni Skógarbergi lóð 1 (L201529) í Bláskógabyggð. Heildarstærð á véla- og verkfærageymslunni skv. HMS er 295,4 m².

Umsókn er synjað. Í gildandi byggingareglugerð nr. 112/2012 og í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar er afdráttarlaust kveðið á um að notkun á PIR samlokueiningum sé ekki heimil í notkunarflokki 3.

15. Heiðargerði 5 (L188574); byggingarleyfi; kjötmjölsverksmiðja mhl 01 - viðbygging og ketilhús - 2302020

Fyrir liggur umsókn Vigfúsar Halldórssonar fyrir hönd Orkugerðin ehf., móttekin 13.02.2022 um byggingarleyfi fyrir (211,8 m²) viðbyggingu við kjötmjölsverksmiðju mhl 01 og byggja (86,4 m²) ketilhús mhl 03 á viðskipta- og þjónustulóðinni Heiðargerði 5 (L188574) í Flóahreppi. Heildarstærð á kjötmjölsverksmiðju mhl 01 eftir stækkun verður (776,3 m²).

Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu.

16. Syðri-Gróf 2 (L166373); byggingarheimild; reiðskemma - 2302019

Fyrir liggur umsókn Axels Páls Einarssonar með umboð landeiganda, móttekið 13.02.2023 um byggingarheimild fyrir 299,1 m² reiðskemmu á jörðinni Syðri-Gróf 2 (L166373) í Flóahreppi.

Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Umsagnir og vísanir

17. Blesastaðir 1 lóð (L166440); rekstrarleyfi; gisting - 2301080

Mótttekinn var tölvupóstur þann 30.01.2023 frá fulltrúa sýslumanns þar sem óskað er eftir umsögn um rekstraleyfi í fl. II (C) minna gistiheimili frá Hrafnhildi Magnúsdóttur fyrir hönd Rist ehf., kt. 420206 - 0380 á íbúðarhúsaloðinni Blesastaðir 1 lóð (F225-1433) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II fyrir allt að 4 gesti.


Flóahreppur - Umsagnir og vísanir


18. Önundarholt (L166408); rekstrarleyfi; gisting - 2301051

Mótttekinn var tölvupóstur þann 17.01.2023 frá fulltrúa sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II (G) íbúðir frá Þorvaldi Steinþórssyni fyrir hönd ÞS ehf., kt. 690409 - 2160 á jörðinni Önundarholt (F220 1640) rýmismúmer 02 0101 einbýlishús í Flóahreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00


David Sigurðsson
Byggingarfulltrúi


Lilja Ómarsdóttir

